

Samkvæmt uppsögn þessari fellur samningurinn úr gildi hinn 21. september 1946. 78
21. sept.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, 21. september 1946.

Ólafur Thors.

FORSETABRÉF

79

9. okt.

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 65. löggjafarþingi, skuli slitið miðvikudaginn 9. október 1946.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Ritað í Reykjavík, 9. október 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

FORSETABRÉF

80

9. okt.

um að reglulegt Alþingi 1946 skuli koma saman til fundar
fimmtudaginn 10. október 1946.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1946 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1946.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni og hefst hún kl. 13,30.

Ritað í Reykjavík, 9. október 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.